



MENNINGARRÁÐ
AUSTURLANDS

www.menningarrad.is



Menningarstefna í þágu samfélagsins

Menningarstefna í þágu samfélagsins

Stefna í menningarmálum
á Austurlandi 2009-2014

Menningarráð Austurlands
R3-Ráðgjöf ehf.
Mars 2009

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Stöðugreining	7
Menningarmiðstöðvar á Austurlandi	11
Þarfir og væntingar íbúa og ferðamanna	12
Framtíðarsýn í menningarmálum á Austurlandi	15
Stefna í menningarmálum á Austurlandi	16
1. Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	17
2. Starfsemi Menningarráðs Austurlands	19
3. Menningarmiðstöðvar á Austurlandi	22
4. Menningararfur Austurlands; saga, minjar, listir	24
5. Verkefni, tækifæri, uppbygging	26
6. Miðlun, kynning, fræðsla	29
Skipurit menningarsamstarfs á Austurlandi	31

Ljósmyndir eru í eigu Menningarráðs Austurlands og menningarmiðstöðva á Austurlandi.

Inngangur

Menningarráð Austurlands hefur nú starfað í tæp sjö ár. Óhætt er að fullyrða að tilkoma þess eigi ríkulegan þátt í því gróskumikla menningarstarfi sem hefur verið á Austurlandi undanfarin misseri. Samstarfssamningur um menningarmál, milli Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og menntamálaráðuneytis, var fyrst gerður árið 2001, í kjölfar mótunar stefnu í málaflokknum fyrir svæðið. Sá samningur hefur verið endurnýjaður tvisvar og sú nýbreytni er í nýjasta samningnum, frá janúar 2008, að iðnaðarráðuneytið er aðili að honum og leggur þar til fjármagn til verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu. Menningarráðið hefur á þessum sjö árum úthlutað 158 milljónum króna til menningarverkefna í fjórðungnum, en einnig komið að og hvatt til þróunarstarfs, m.a. með samstarfi við menningarstofnanir í landinu, með erlendu samstarfi og með því að leggja áherslu á samstarf meðal aðila á Austurlandi.

(Úr ávarpi formanns í fréttabréfi Menningarráðs Austurlands haustið 2008).

Um fyrri stefnu og samstarfið frá 2000

Stefna í menningarmálum á Austurlandi vakti nokkra athygli þegar hún var staðfest árið 2000, ekki síst vegna þess að öll sveitarfélög í landshlutanum tóku sig saman um gerð hennar. Í stefnunni var mótað það samstarf sveitarfélaganna sem unnið hefur verið eftir síðan. Má þar nefna ákvæði um heildarsamning við ríkið, myndun Menningarráðs Austurlands og þjónussamning við Gunnarsstofnun um störf fyrir Menningarráðið. Jafnframt um skipan stjórnar Menningarráðsins, styrkveitingar, stofnun fjögurra menningarmiðstöðva og fleira.

Samstarfið hefur verið farsælt og stuðlað að aukinni menningarstarfsemi á Austurlandi. Sveitarfélögin hafa ennfremur sýnt meiri metnað við uppbyggingu á aðstöðu og aukið stuðning við menningarstarf hvert fyrir sig.

Samningur 2001 og endurnýjun síðan

Vorið 2001 gengu sveitarfélög á Austurlandi í fyrsta sinn frá samningi um menningarmál við menntamálaráðuneytið. Samningurinn var sá fyrsti sinnar gerðar sem ráðuneytið gerði við heilan landshluta. Helstu þættir samningsins eru í samræmi við áherslur og fyrirkomulag á samstarfi sveitarfélaganna. Gefin var út sérstök viljayfirlýsing um aðkomu ríkisins að uppbyggingu menningarmiðstöðvanna og hafa þær fengið stofnstyrki og síðar rekstrarstyrki í framhaldi af samningnum. Núgildandi samningur sveitarfélaganna og menntamálaráðuneytisins rennur út í árslok 2010.

Menningarráð Austurlands

Menningarráð Austurlands er sjálfstætt starfandi ráð sveitarfélaga á Austurlandi. Samkvæmt samþykktum þess eru kjörnir sjö fulltrúar í stjórn ráðsins á aðalfundi þess en fulltrúar sveitarfélaganna sitja aðalfundinn. Tveir fulltrúar koma í stjórnina úr hverju hinna þriggja starfssvæða Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og sá sjöundi samkvæmt tilnefningu Þróunarfélags Austurlands. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Um verklag við þessa stefnumótun

Í núverandi samstarfssamningi sveitarfélaga á Austurlandi frá 9. janúar 2008 er gert ráð fyrir endurskoðun á stefnu í menningarmálum frá árinu 2000 fyrir lok samningstímabilsins, eða fyrir árslok 2010. Stjórn Menningarráðs Austurlands ákvað á fundi sínum 10. júní 2008 að hinda þeirri vinnu í framkvæmd með því meðal annars að efna til opinna umræðu um stefnumótun almennt og hefja síðan formlega vinnu við endurskoðun stefnunnar í október 2008.

Ráðstefna á Akureyri

Menningarráð Austurlands og Menningarráð Eyþings ákváðu að standa sameiginlega að ráðstefnu um stefnumótun í menningarmálum vorið 2008 og fengu til liðs við sig Háskólann á Bifröst, Háskólann á Akureyri og Akureyrarstofu. Yfirskrift ráðstefnunnar, sem haldin var í Ketilhúsinu á Akureyri 22. maí, var: *Menningarstefnur sveitarfélaga – marklaus plögg eða tæki til framfara?* Erindi fluttu Helgi Gestsson Háskólanum á Akureyri, Njörður Sigurjónsson Háskólanum á Bifröst, Gísli Sverrir Árnason R3-Ráðgjöf, Björg Erlingsdóttir Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Þórgnýr Dýrfjörð Akureyrarstofu. Umræðum stjórnaði Óðinn Gunnar Óðinsson formaður Menningarráðs Austurlands.

Málþing á Egilsstöðum

Menningarráð Austurlands og Markaðsstofa Austurlands stóðu að málþingi um stefnumótun í menningu og ferðaþjónustu á Hótel Héraði á Egilsstöðum 3. október 2008. Njörður Sigurjónsson Háskólanum á Bifröst og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir Hólaskóla - Háskólanum á Hólum fluttu erindu og að þeim loknum störfuðu vinnuhópar.

Bæði þessi málþing voru gagnleg og nauðsynlegur undirbúningur að nýrri stefnumótun Menningarráðs Austurlands.

Samningur við ráðgjafa

Með verksamningi sem undirritaður var 10. nóvember 2008 tók R3-Ráðgjöf ehf. að sér að stýra vinnu við endurskoðun menningarstefnunnar. Fyrirtækið er í eigu Garðars Jónssonar og Gísla Sverris Árnasonar og vann sá síðarnefndi aðallega að verkinu. Upphaflega var stefnt að verklokum um áramót en í desember var ákveðið að gefa verkefninu meira svigrúm og ljúka því með áframhaldandi vinnu fyrir aðalfund í apríl 2009.

Rýnihópar

Til þess að hlusta eftir viðhorfum íbúa Austurlands var farin sú leið að ná saman nokkuð breiðum hópi einstaklinga (rýnihópi) úr hverju sveitarfélagi og ræða við hópinn á hverjum stað um þær væntingar sem fólk hefði til menningarstarfs á Austurlandi. Einnig var fjallað talsvert um ímynd Austurlands út á við og hvernig landshlutinn taki á móti gestum sínum.

Hverjum rýnihópi var ætlað að endurspegla þverskurð íbúa hvers sveitarfélags, þó með áherslu á fólk sem tengist menningarstarfi. Því var lagt upp með eftirfarandi skipan þeirra:

- Starfsmenn sveitarfélags í menningarmálum þ.á.m. menningarfulltrúi.
- Fulltrúi tónlistarskóla og/eða grunnskóla.
- Fulltrúi kóra, leikfélaga eða annarrar grasrótastarfsemi.
- Fulltrúar úr menningarmálanefnd sveitarfélagsins.
- Fulltrúi/fulltrúar atvinnulífsins t.d. úr röðum ferðaþjónustuaðila.
- Fulltrúar unga fólksins á staðnum og/eða þeirra sem stunda nám/búa utan heimabyggðar.
- Fulltrúar eldra fólksins.
- Starfandi listamenn í sveitarfélaginu.

Fundir með rýnihópunum voru haldnir á eftirfarandi stöðum í nóvember 2008:

10. nóvember: Vopnafjörður (Vopnafjarðarhreppur).
11. nóvember: Seyðisfjörður (Seyðisfjarðarkaupstaður).
11. nóvember: Eskifjörður (Fjarðabyggð).
12. nóvember: Egilsstaðir (Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur og Fljótsdalshreppur).
12. nóvember: Djúpvogur (Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur).
13. nóvember: Höfn (Sveitarfélagið Hornafjörður).

Auk þess var haldinn sérstakur fundur með forstöðumönnum menningarmiðstöðvanna fjögurra á Austurlandi. Heildarfjöldi þátttakenda á framangreindum fundunum var um 70 en einnig sat menningarfulltrúi Austurlands alla fundina ásamt skýrsluhöfundi.

Mjög mikilvægar áherslur og tillögur komu fram á fundunum og er greint frá þeim hér á eftir.

Samstarfshópur sveitarfélaganna

Menningarráð Austurlands óskaði eftir tilnefningum frá sveitarfélögunum á Austurlandi í samstarfhóp þeirra um menningarstefnuna. Sá hópur hefur hist þrisvar og farið yfir og bætt við þær tillögur sem ráðgjafi vann eftir fundina með rýnihópnum. Í samstarfshópnum hafa setið:

Borgarfjarðahreppur: Arngrímur Viðar Ásgeirsson.

Breiðdalshreppur: Páll Baldursson og Arnór Stefánsson.

Djúpavogshreppur: Bryndís Reynisdóttir.

Fjarðabyggð: Hildigunnur Jörundsdóttir, Kári Þormar og Pétur Sörensson.

Fljótshálsa: Lára Vilbergsdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir og Karen Erla Erlingsdóttir.

Fljótshálsa: Halldóra Tómasdóttir.

Seyðisfjarðarkaupstaður: Aðalheiður Borgþórsdóttir og Þórunn Eymundardóttir.

Sveitarfélagið Hornafjörður: Björg Erlingsdóttir.

Vopnafjarðahreppur: Magnús Már Þorvaldsson.

Fulltrúi ferðamála: Katla Steinsson.

Auk þess hafa Signý Ormarsdóttir menningarfulltrúi, Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarstofnunar og Óðinn Gunnar Óðinsson formaður Menningarráðs Austurlands setið fundina.

Úrsögn Hornafjarðar

Við lok þeirrar vinnu sem hér hefur verið lýst var staðfest að Sveitarfélagið Hornafjörður hættir aðild að Menningarráði Austurlands í árslok 2009. Af þeim sökum er ekki gert ráð fyrir þátttöku þess né Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar í tillögum stefnunnar.

Afgreiðsla stjórnar Menningarráðs Austurlands

Á fundi sínum 20. febrúar 2009 samþykkti stjórn Menningarráðs Austurlands stefnu í menningarmálum fyrir sitt leyti og fagnaði þeim áfanga sem náðst hefði með gerð hennar.

Að lokum

Undirritaður leggur hér með fram tillögur að nýrri stefnu í menningarmálum á Austurlandi sem hann hefur unnið samkvæmt ofangreindu verklagi. Tillögurnar eru víðtækar og endurspegla þann þrótt sem er fólgin í menningarstarfi á Austurlandi. Vonandi verða þær grundvöllur að nýrri sókn á því sviði. Bestu þakkir til þeirra fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg.

Lokið í mars 2009,


Gísli Sverrir Árnason ráðgjafi
R3-Rágjöf ehf.

Stöðugreining

Menningarmál á Austurlandi eru í sókn. Samstarf sveitarfélaga um sameiginlega stefnu árið 2000 og samning við ríkisvaldið ári síðar markaði tímamót í menningarstarfi í fjórðungnum og um allt land. Smám saman hefur samstarf sveitarfélaganna verið að taka á sig þá mynd sem ætlast var til í upphafi með öflugum ráðgjafar- og þjónustustarfi Menningarráðs Austurlands, styrkveitingum til fjölmargra verkefna á sviði menningar og menningartengdrar ferðaþjónustu og ekki síst sífellt aukinni starfsemi fjögurra menningarmiðstöðva á Austurlandi. Samstarfið hefur einnig verið einstökum sveitarfélögum hvatning til þess að sækja fram í málaflokknum sem sést meðal annars á hækkandi framlögum til menningarstarfs, uppbyggingu á aðstöðu og starfsemi og ráðningu menningarfulltrúa þeirra.

Hugtakið menning

Hugtakið menning er vítt og áleitið og ekki ástæða til þess að þrengja sérstaklega að því í stefnumörkun sem þessari. Í raun hefur orðið til sú óformlega verkaskipting að sveitarfélögin sjálf sjá áfram um að byggja upp og kosta lögbundna og almenna menningarstarfsemi eins og almenningsskólakennsla, tónskála og hátíðarhöld svo sem á þjóðhátíðardegi auk þess að styðja myndarlega við starfsemi kóra, leikfélaga og annarra menningarverkefna á heimavelli. Á hinn bóginn hefur Menningarráð Austurlands aðallega beint kröftum sínum að nýbreytni í menningarstarfi, sköpun hvers konar og jafnvel hvatt til tilrauna á sviði menningarstarfs. Til þess að hljóta styrk frá ráðinu þarf sérstaða, samstarf og fagmennska að einkenna verkefni. Árlega er allmörgum hefðbundnum menningarverkefnum vísað frá vegna skilyrða sem ráðið setur hverju sinni.



Yfirlit um fjárhæðir styrkveitinga Menningarráðs Austurlands árin 2002-2009. Á bláum súlum er sýndur heildarkostnaður við þau verkefni sem sóttu um styrki á hverju ári. Rauðu súlurnar sýna fjárhæðir sem sótt var um til sömu verkefna og loks vitna grænu súlurnar um þær fjárhæðir sem Menningarráð Austurlands hefur veitt árlega í styrki.

Menningartengd ferðaþjónusta

Menningartengd ferðaþjónusta hefur verið í sókn á undanförunum árum. Með menningartengdri ferðaþjónustu er annars vegar átt við starfsemi sem byggð er að hluta eða öllu leyti til á einhverjum þáttum úr menningar- eða sagnaarfi viðkomandi svæðis og hins vegar það menningarstarf sem leiðir til þess að fólk sækir viðburði milli staða eða landshluta. Menningartengdri ferðaþjónustu er, eins og lesa má úr hugtakinu, ætlað að höfða sérstaklega til ferðafólks og er þá með meginþunga starfseminnar yfir sumartímann en einnig er starfsemin líkleg til þess að höfða til íbúa svæðisins. Áherslu á menningartengda ferðaþjónustu var komið inn í samstarfssamning sveitarfélaganna og ríkisins árið 2005.

Tengsl menningar og náttúru

Á undanförunum árum hefur talsvert verið fjallað um tengsl menningar og náttúru og stundum gengið svo langt að fullyrða að ýmsir þættir í menningararfleið svæða séu bein eða óbein afleiðing af því náttúrufari sem til staðar er. Mörg verkefni hafa sprottið upp sem fjalla um þessi tengsl á einn eða annan hátt og framundan er afar umfangsmikið verkefni, uppbygging og starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs, sem eflaust mun efla þá umræðu enn frekar.

Söfn, setur og sýningar

Söfnum hefur fjölgað á Austurlandi eins og víðast á landinu. Safnastarf skiptist í meginráttum í tvo flokka. Annars vegar lögbundin söfn eða söfn sem styðjast við ákvæði laga. Þar er um að ræða almenningssöfn, héraðsskjalasöfn og minjasöfn (söguminjasöfn, náttúruminjasöfn og listasöfn). Þessi söfn eru oftast en ekki rekin á ábyrgð sveitarfélaga. Á hinn bóginn er fjölbreytt sýningar- og miðlunarstarfsemi sem ekki fellur undir safnalög eða önnur lagafyrirmæli. Slík starfsemi er samt í mörgum tilfellum kennd við söfn í óformlegum eða formlegum titlum, en einnig eru hugtök eins og setur, sýning og stofa notuð. Þótt þessir tveir flokkar séu ólíkir hvað varðar rekstur, ábyrgðarhlutverk og ýmsa aðra þætti eiga þeir samt margt annað sameiginlegt. Því er hugtakið safn notað hér í víðtækri merkingu til þess að ná til allrar þeirrar starfsemi sem helgar sig söfnun, varðveislu og miðlun á íslenski menningararfleið á Austurlandi.



Afmörkun svæðisins

Árið 2001 gerðu öll 16 sveitarfélögin á Austurlandi með sér samstarfssamning um menningarmál og síðan samning við ríkið. Þau voru öll aðilar að Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi (SSA). Síðan hefur sveitarfélögum fækkað nokkuð með sameiningu auk þess sem tvö hafa horfið af vettvangi SSA; Skeggjastaðahreppur með sameiningu við Þórshafnarhrepp í Langanesbyggð árið 2006 og Sveitarfélagið Hornafjörður með úrsögn árið 2008. Aðilar að núgildandi samningi sveitarfélaga á Austurlandi og ríkisins sem gildir til ársloka 2010 eru eftirfarandi sveitarfélög (með bráðabirgðibúaatölum Hagstofu Íslands 1. desember 2008):

Seyðisfjarðarkaupstaður	717 íbúar
Fjarðabyggð	4.736 íbúar
Vopnafjarðarhreppur	674 íbúar
Fljótsdalshreppur	143 íbúar
Borgarfjarðarhreppur	142 íbúar
Breiðdalshreppur	197 íbúar
Djúpavogshreppur	456 íbúar
Fljótsdalshérað	3.707 íbúar
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.110 íbúar
Samtals	12.882 íbúar

Sveitarfélagið Hornafjörður sagði sig úr Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi á haustdögum 2008 og gekk í Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Á fundi Menningarráðs Austurlands 10. júní 2008 gerði fulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar í ráðinu grein fyrir þessu. Af því tilefni bókaði Menningarráð Austurlands:

Menningarráð Austurlands telur eðlilegt að Sveitarfélagið Hornafjörður sé aðili að samning milli ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi sem undirritaður var 9. janúar 2008 og er í gildi til ársloka 2010. Ákvörðunartaka að öðru leiti á höndum aðalfundar Sambands sveitarfélag á Austurlandi.

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur nú ákveðið að segja skilið við Menningarráð Austurlands í árslok 2009. Af þeim sökum er ekki gert ráð fyrir þátttöku þess né Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar í tillögum stefnunnar. Af því leiðir að menningarmiðstöðvar verða þrjár á Austurlandi í stað fjögurra eftir 31. desember 2009 og þar til annað verður ákveðið. Mikilvægt er að Menningarráð Austurlands hugi að því hvar miðstöð bókmennta og handverks verður staðsett eftir að Menningarmiðstöð Hornafjarðar er farin út úr menningarsamstarfi á Austurlandi.

Í stefnunni er jafnan rætt um Austurland í heild og er þá vísað til svæðisins frá Vopnafirði til Djúpavogs.

Gildistími stefnunnar

Stefna í menningarmálum á Austurlandi er sett fram fyrir tímabilið: 2009-2014. Ekki er útilokað að endurskoða þurfi stefnuna áður en sá tími er liðinn t.d. vegna breyttra aðstæðna á sveitarstjórnarstiginu eða breyttra áherslna ríkisins eftir 2010.

Aðkoma ríkisvaldsins

Sveitarfélög á Austurlandi riðu á vaðið um samstarf og samning við ríkisvaldið. Nú eru slíkir samningar komnir á við alla landshluta utan höfuðborgarsvæðisins. Árangur samninganna er metinn reglulega og þeir hafa verið endurnýjaðir með stighækkandi fjárhæðum. Því er ekki annað að sjá en að ríki og sveitarfélög hafi þar fundið farsælan farveg fyrir samstarf sitt í menningarmálum.

Áherslur menntamálaráðuneytis hafa ávallt verið aukið samstarf og fjölgun starfstækifæra auk þess að stuðla að stuðningi við sem flestar listgreinar og sem fjölbreyttust verkefni. Aðkoma ráðuneytis ferðamála hefur ekki breytt áherslum nema að því leyti að verkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu fá nú aukið vægi en áður.



Stefna sveitarfélaga á Austurlandi í menningarmálum er stefna Menningarráðs Austurlands

Mörg sveitarfélög hafa mótað sína eigin stefnu í menningarmálum. Í þessari stefnumörkun er litið svo á að samstarfssamningur sveitarfélaganna á Austurlandi um menningarmál, samningur þeirra við ríkisvaldið og samþykktir Menningarráðs Austurlands séu hin raunverulega viljayfirlýsing sveitarfélaganna um formlegt og náð samstarf í málaflokknum. Menningarráð Austurlands hefur skipað sér formlegan sess sem samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Austurlandi í menningarmálum. Því þarf ekki að áréttta áherslur sveitarfélaganna sérstaklega hér en litið er svo á að öll þau atriði sem koma hér fram séu í raun hin sameiginlega stefna sveitarfélaganna í menningarmálum, en ekki einvörðungu stefna Menningarráðs Austurlands.

Þjónustusamningur við Gunnarsstofnun

Frá upphafi hefur Menningarráð Austurlands átt gott og farsælt samstarf við Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri. Strax árið 2001 var gerður þjónustusamningur við stofnunina og henni falið að sinna daglegum rekstri fyrir menningarráðið og ráða til þess sérstakan starfsmann. Stofnunin réði starfsmann í ársbyrjun 2002 sem starfað hefur sem menningarfulltrúi Austurlands síðan með aðsetur á Egilsstöðum. Hefur fyrirkomulagið reynst heilladrjúgt báðum aðilum eins og að var stefnt og þjónustusamningurinn verið endurnýjaður í tvígang.

**Níl tosacht.
Nó deireadh.**

**Tá solas
Tá ciorcail**

**Saolta úra
de shíor a gcruthú.**

Agus ciúnas fiú.

**Nil tosacht.
Nó deireadh.**

Það er ekkert upphaf.
Engu lýkur.

Það er ljós,
það eru hringir.

Nýir heimar
í stöðugri sköpun.

Og jafnvel þögn.

Það er ekkert upphaf
Engu lýkur.

Menningarmiðstöðvar á Austurlandi

Á Austurlandi eru fjórar menningarmiðstöðvar sem hver um sig sinnir alhliða menningarstarfi en sérhæfir sig jafnframt á ákveðnu menningarsviði. Lögð er áhersla á metnaðarfulla starfsemi og góða aðstöðu í miðstöðvunum. Þeim er ætlað að afla og miðla upplýsingum um allt Austurland, hver á sínu sviði. Menningarmiðstöðvarnar fjórar eru:

Kirkju- og menningarmiðstöðin í Fjarðabyggð. Miðstöð tónlistar á Austurlandi

Kirkju- og menningarmiðstöðin í Fjarðabyggð er sérlega hentug fyrir tónleika af flestum toga. Hljómburður er þar einstakur og hönnun byggingar miðaði öll að því að skapa sjón- og hljóðræna nánd milli flytjenda og njótanda. Húsið er mjög sveigjanlegt og aðbúnaður allur í sérflokki og fer vel um fólk. Í húsinu er nýr Steinway flygill af C stærð. Tónleikasalurinn rúmar um 250 manns í sæti. Þá er húsið einnig mjög hentugt til sýningarhalds, hvers kyns ráðstefna og funda. Sjá nánar á www.tonleikahus.is

Skaftfell. Miðstöð myndlistar á Austurlandi

Starfsemi Skaftfells er helguð myndlist, með megináherslu á samtímalist. Í Skaftfelli er öflugt sýningarhald, gestavinnustofa fyrir listamenn og kaffistofa með góðu myndlistarbókasafni. Skaftfell leggur áherslu á að vera tengiliður á milli leikinna og lærðra og stendur fyrir fjölbættu fræðslustarfi, jafnt á fjórðungsvísu og á alþjóðlegum grundvelli. Sjá nánar á www.skaftfell.is

Menningarmiðstöð Fljótaldshéraðs. Miðstöð sviðslista á Austurlandi

Megináhersla Menningarmiðstöðvar Fljótaldshéraðs er á sviðslistir. Menningarmiðstöðin er með aðsetur í Sláturhúsinu á Egilsstöðum þar sem rými er fyrir skemmtilega blöndu menningarstarfs. Þar eru til dæmis Frú Norma með aðsetur og vegaHÚSIÐ, menningarhús ungs fólks á Fljótaldshéraði. Þar er haldin videó- og kvikmyndahátíðin 700IS Hreindýraland og margt fleira. Sjá nánar á <http://mmf.egilsstadir.is>

Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Miðstöð handverks og bókmennta á Austurlandi

Menningarmiðstöð Hornafjarðar er miðstöð handverks og bókmennta á fjórðungsvísu. Í Menningarmiðstöðinni er m.a. rekið bókasafn, listasafn, héraðsskjalasafn og öflugt barnastarf auk þess sem starfræktur er listvinasjóður. Starfsemi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er ekki bundin við eitt hús. Hún fer fram í húsum í eigu stofnunarinnar s.s. Pakkhúsinu, Gömlubúð, Vöruhúsinu og Nýheimum en einnig víðar svo sem í félagsheimilum, kirkjum og veitingahúsum. Sjá nánar á www.hornafjordur.is/menning

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur nú ákveðið að segja skilið við Menningarráð Austurlands í árslok 2009. Af þeim sökum er ekki gert ráð fyrir þátttöku þess né Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar í tillögum stefnunnar. Af því leiðir að menningarmiðstöðvar verða þrjár á Austurlandi í stað fjögurra eftir 31. desember 2009 og þar til annað verður ákveðið.

Parfir og væntingar íbúa og ferðamanna

Á fundum með rýnihópum sem sagt er frá í inngangi komu fram mjög mikilvægar áherslur og tillögur og er stuðst við þær í fjölmörgum atriðum í þessari stefnumótun auk þeirra atriða er rædd voru í samstarfshópi sveitarfélaganna. Hér á eftir verður gerð tilraun til þess að draga saman áherslur sem komu fram á fundum rýnihópanna.

Gróskumikið mannlíf en samhugur og samstarf mætti aukast

Austfirðingar telja sig búa í kröftugu samfélagi í mörgum en ólíkum byggðarlögum. Hér er næg atvinna og fjölmargt að gerast á hverjum tíma í félags- og menningarstarfi. Fólk upplifir hið kröftuga menningarstarf sem stóran hluta af lífsgæðum sínum og vill að allt verði gert til þess að efla enn frekar samvinnu á því sviði og raunar öllum sviðum mannlífs. Samvinna er tæki til framfara en þó þarf ávallt að leyfa sérstöðu og sjálfsmynd staðanna að njóta sín.

Sem dæmi um gróskumikið og fjölbreytt menningarstarf nefndi fólk söfnin á Austurlandi og svo öflugt félagslíf að stundum væri erfitt að komast yfir að njóta allra viðburða, það þyrfti oft að velja og hafna. Samstarf í menningarmálum mætti vera mun meira og markvissara sagði fólk gjarnan þegar talið barst að reynslunni af samstarfi síðustu ára. Ýmislegt vinnur gegn þeirri samvinnu, ekki síst smákóngahugsun og jafnvel rígur milli staða. Það þarf að virkja fólkið betur, en ekki byggja menningarsamstarf eingöngu á forystufólki í menningarlífi hvers staðar. „Hvernig væri að halda Vorhátíð menningarstarfs á Austurlandi ár hvert til þess að hrista fólk betur saman?“ sagði einhver.

Sumum fundarmanna fannst staða og starfsemi Menningarráðs Austurlands ekki vera nógu sýnileg og áberandi. Sama er að segja um menningarmiðstöðvarnar, þær þyrftu að láta vita betur af sér, hver fyrir sig og sameiginlega.

Arfur Austurlands og vitund fólksins

Sagan og fólkið eru grunnstoðir byggðanna. Vitund fólks um sögu staðanna, bókmenntir, atvinnuhætti og umhverfi hefur dofnað með árunum, ekki síst vegna mikilla fólksflutninga til og frá Austurlandi. Þessa vitund þarf að vekja upp á ný, ekki síst hjá ungu fólki og með aðkomu skóla og heimila.

Austurland er gestrisið, jákvætt og kyrrlátt samfélag með fjölmarga möguleika, ekki síst í ferðaþjónustu. Gamalt handverk heillar ferðafólk og kannski er einmitt mikilvægt að leita inn á við eftir tækifærum núna, ekki endalaust að sækja allt að. „Höldum í það sem við höfum“ heyrðist mjög oft á fundunum.

Náttúran, frjálrsræðið og hið fjölskrúðuga mannlíf gerir það að verkum að „hér er gott að búa.“ Sagan er við hvert fót mál og í henni og umhverfinu liggja fjölmörg tækifæri. Til umræðu komu „festar“ eða „perlubönd“ safna, austfirskra þorpa og hafna (húsin, bryggjurnar, litlu vertíðarbátarnir), fjalla og fjarða. Og svo sá mikli fjöldi listamanna; skáld, listmálarar og tónlistarmenn, sem austfirskt umhverfi hefur alið af sér. Þessi perlubönd mætti nota betur í kynningu á Austurlandi.

Náttúran er einstök

Það er ekki síst hin mikla fjölbreytni í austfirskri náttúru sem heillar fólk; firðir, fjöll, dalir, skógar, jöklar, strendur. Það felast óendanlegir möguleikar í nýtingu náttúru og umhverfis til þess að draga að gesti og hafa ofan af fyrir þeim. Sem betur fer er neikvæð umræða um náttúruspjöll og mengun dvínandi og fram er komið verkefni á sviði náttúruverndar og menningarferðaþjónustu, Vatnajökulsþjóðgarður, sem Austfirðingar sjá sem eitt helsta tækifæri í framtíðaruppbyggingu svæðisins. Því tækifæri þurfi nú að sinna af fullum heilindum og í samstarfi allra þeirra sem tengjast verkefninu.

Tækifærin eru óþrjótandi

Það var mikill hugur í fólki á fundunum þrátt fyrir óhagstæða undiröldu í Þjóðfélaginu. „Landsbyggðin er betri kostur“ sagði fólk og „við þurfum að tileinka okkur að tala um menningu sem atvinnugrein“. Þar liggja meðal annars tækifæri til sóknar og uppbyggingar. Og einnig í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu en þessar greinar eiga báðar mikla samleið með menningarstarfi.

Það er mikilvægt að hlúa að allri nýsköpun en hafa ber í huga að hún getur ekki síður byggt á uppruna og hefðum heldur en beinum nýjungum. Menningarferðaþjónusta (eða menningartengd ferðaþjónusta) er afar vaxandi atvinnugrein og augljóslega eru samstarfsmöguleikar milli þessara tveggja greina miklir. Söfn og setur hafa víða sprottið upp til þess meðal annars að mæta þrófum ferðaþjónustunnar og vaxandi fjölda ferðafólks og áhuga þess á að kynna sér sögu og menningu landsins. En frumkvæðið þarf líka að koma frá ferðaþjónustu um það hvers konar afþreyingu ferðafólkið þyrstir í.

Flestir voru sammála um að meðal ferðafólks væri almennt þörf fyrir að upplifa ekta mannlíf og ekta fólk. Kynning á matarmenningu og veiðimenningu var meðal þess sem kom fram um hvað gæti mætt þessari þörf en einnig hugmyndir um að til væru fjöllistahópar sem hefðu ofan af fyrir ferðafólki með einhvers konar sagnakvöldum, lifandi tónlist og annarri þjóðlegri listsköpun.



Ný og fjölbreytt ímynd Austurlands

Það var mikið rætt um ímynd Austurlands sem virðist vera margbrotin og ólík eftir stöðum. Ýmsir þættir í menningarstarfi koma upp í huga fólks þegar það hugsar til Austurlands, söfnin, tónlistin, bókmenntirnar en upp á síðkastið hafa stórframkvæmdir sett svip sinn á umræðu um Austurland. Sumum fannst Austfirðingar búa við tvönnar konar ímynd: „Ál-ímyndina“ og „Hina ímyndina“. Það væri til marks um að það væru til að minnsta kosti tvær hliðar á Austurlandi og auðvitað eru þær miklu fleiri. Bent var á í þessu sambandi hve mikilvægar upplýsingamiðstöðvar ferðamanna væru.

Ímyndin og umræðan um landshlutann tengist oft sérstöðu einstakra staða og ákveðnum einstaklingum eða viðburðum, en ekki síður náttúru; skógum, fjöllum, fjörðum, hreindýrum og jöklum. Þegar upp er staðið þá bætir trúlega öll fagleg umfjöllun ímynd Austurlands og því er mikilvægt að fréttir þaðan komist inn á borð sem flestra landsmanna. Svo má líka segja að nú, við verklok hinna umfangsmiklu framkvæmda á Austurlandi hafi Austfirðingar tækifæri til að byggja upp nýja ímynd frá grunni og þar kemur fjölbreytt menningarstarf til góða ekki síður en framtíðarverkefni eins og uppbygging Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í landinu er mikil samkeppni á öllum sviðum. Austfirðingar eru hins vegar þekktir fyrir samstarf og samstöðu. Því er mikilvægt að öll tækifæri til sameiginlegrar kynningar verði nýtt til hins ítrasta. Þar má nefna fjölmarga árlega menningarviðburði á Austurlandi svo sem bæjarhátíðir og tónlistarhátíðir sem eru sterkt aðdráttarafl og í rauninni þekkt vörumerki. Þessar hátíðir og viðburðir geta Austfirðingar nýtt mun betur til þess að draga að gesti og kynna fjórðunginn.

En þótt kynning út á við sé mikilvæg má ekki gleyma heimamarkaðnum. Menning og ferðaþjónusta eru líka fyrir íbúana á svæðinu. Öflugri og markvissari útgáfa á heildstæðri viðburðadagskrá fyrir landshlutann yrði liður í að efla samkennd og sóknarhug íbúanna og svo ætti fólk endilega að hætta að tala um „að fara suður í menninguna“ eins og einhver orðaði það.

Hvað hefur áunnist?

Meðal þess sem rætt var á fundum rýnihópanna er hvaða árangri samstarf sveitarfélaga á Austurlandi frá vordögum 2001 hefur skilað. Þessa þætti er auðvitað erfitt að meta en meðal þess sem fólk taldi sem ávinning af samstarfinu til þessa voru eftirfarandi þættir:

- Menningarfulltrúar eru nú starfandi í flestum sveitarfélögum, oftast en ekki einnig sem ferðamála- eða tólmundafulltrúar.
- Öflugt starf Menningarráðs Austurlands er mikilvæg stoð við menningarlíf.
- Gróskumeira starf, aukið framboð af menningarviðburðum.
- Yfirleitt góð aðsókn. Hátt hlutfall íbúa sækja menningarviðburði á einstökum stöðum.
- Öflugar menningarmiðstöðvar eru reknar á fjórum stöðum og á fjórum sviðum.
- Samstarfsverkefnum er að fjölga: Þjóðleikur, rithöfundalestin, myndlistaverkfni fyrir börn, spurningakeppnin *Íslenskan er okkar mál* fyrir börn. Auk margra verkefna á sviði tónlistar svo sem samstarf kóra á Austurlandi og Simfóníuhljómsveitar Norðurlands.
- Samstarf tónlistamanna er talsvert þótt ekki beri mikið á því opinberlega.
- Samhugur Austfirðinga er vaxandi. Menningin hefur m.a. þjappað fólki saman!
- Menningarsamstarfið er grundvöllur margra stórra menningarverkefna.
- Samstarf við Noreg, Írland, Listahátíð o.fl. eykur víðsýni og fjölgar möguleikum.

Hindranir

En sameiginlegt menningarstarf mætir auðvitað ýmsum hindrunum ennþá. Meðal þeirra þátta sem fólk taldi að stæðu í veginum fyrir enn frekara samstarfi í menningarmálum á Austurlandi eru:

- Miklar fjarlægðir milli staða.
- Erfiðar samgöngur (það þarf fleiri jarðgöng og bættar tengingar milli staða).
- Óljós vitund eða tenging við umhverfi og sögu byggðarlaganna.
- Rígur – fordómar – viljaleysi. Eða: Huglæggar og ósýnilegar hindranir.
- Fjárskortur.
- Lítil samfélagsleg ábyrgð atvinnulífs.
- Tímaskortur fólks (og stundum félagsleg deyfð) sem kemur í veg fyrir þátttöku þess.
- Ólík samfélög.
- Skertur aðgangur að fjölmiðlum og fækkun þeirra er mikil ógn við allt menningarstarf.
- Viðburðir skarast.
- Skortur á austfirsku listafólki. Of fátt fólk hefur atvinnu af listum og menningu.
- Jaðarsvæðin eru afskekkt en á móti eru þau oftast sjálfum sér nóg um menningarframboð.
- Múrar kringum skólakerfið (t.d. tónlistarskólana) gera samstarf oft erfitt.
- Mörg söfn með ólíkan bakgrunn og áherslur.

Framtíðarsýn í menningarmálum á Austurlandi

Menningarstarfsemi á Austurlandi verði áfram fjölbreytt og gróskumikil og stuðli að auknum lífsgæðum íbúanna. Vöxtur, nýsköpun, gæði og samstarf verði einkennisþættir í starfi sveitarfélaga á Austurlandi að menningarmálum.



Stefna í menningarmálum á Austurlandi

Stefnt er að því að menningarstarf verði einn af einkennisþáttum Austurlands. Margháttað uppbygging á faglegu starfi við menningu og listir eigi sér stað og stuðningur við grasrótastarf félaga og einstaklinga vaxi frá því sem nú er. Menningarráð Austurlands er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Austurlandi og vinnur í umboði þeirra að framkvæmd sameiginlegrar stefnu þeirra í menningarmálum.

Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál á Austurlandi leiði til enn frekari eflingar menningarstarfs með víðtækri þátttöku einstaklinga, félaga, fyrirtækja og stofnana. Í menningarstefnu hvers sveitarfélags verði kveðið á um uppbyggingu starfs á sviði menningar og lista með aukið samstarf við skóla og fjölgun starfa að leiðarljósi.

Undir forystu Menningarráðs Austurlands verði sótt fram á fjölmörgum sviðum menningarstarfs og stuðlað að aukinni vitund íbúanna, annarra landsmanna og gesta Austurlands um fjölbreytt og gróskumikið mannlíf í landshlutanum.

Menningarmiðstöðvarnar þrjár; Skaftfell – miðstöð myndlistar á Austurlandi, Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs og Kirkju- og menningarmiðstöðin Fjarðabyggð vaxi enn og dafni og skapi hver fyrir sig og sameiginlega kjölfestu í menningarstarfi í fjórðungnum.

Rannsóknir á menningararfi Austurlands verði eflar svo og varðveisla og kynning. Saga Austurlands, búsetu- og atvinnuminjar og listsköpun í nútíð og fortíð verði meðal þess sem haldið verði á lofti í kynningu og atvinnusköpun.

Unnið verði að því að fjölga menningartengdum verkefnum og störfum við menningu og listir á Austurlandi. Uppbygging á aðstöðu til menningarstarfsemi eigi sér stað um allt Austurland. Nýting á núverandi aðstöðu verði enn betri og markvissari.

Kynning á menningarstarfi á Austurlandi og miðlun á upplýsingum um menningararf og sögu aukist til muna. Samstarf verði komið á milli menningargeirans og skólanna á Austurlandi um miðlun og fræðslu á sögu og menningararfi svæðisins í heild og einstakra hluta þess.



I. Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál

Stefna

Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál á Austurlandi leiði til enn frekari eflingar menningarstarfs með víðtækri þátttöku einstaklinga, félaga, fyrirtækja og stofnana. Í menningarsafnu hvers sveitarfélags verði kveðið á um uppbyggingu á aðstöðu og starfsemi á sviði menningar og lista með aukið samstarf við skóla og fjölgun starfa að leiðarljósi.

Markmið

Að samningur sveitarfélaga á Austurlandi og ríkisins beinist að því að auka samstarf byggðarlaga, listgreina, fyrirtækja og annarra í menningarmálum á allan hátt, bæta möguleika fólks á að lifa af listsköpun sinni og öðru starfi að menningarmálum, auka nýsköpun í menningarmálum og vinna að öflugri kynningu á austfirskri listsköpun og menningarsamstarfi. Tryggt verði fjölbreytt framboð menningarstarfs. Unnið verði að því í öllum sveitarfélögum að fjölga starfstækifærum fyrir listamenn og efla um leið listnám í heimabyggð. Einnig að styðja við uppbyggingu á menningarferðþjónustu.

Leiðir:

1. Samstarf sveitarfélaganna um Menningarráð Austurlands

Yfirlýsing um að Menningarráð Austurlands verði áfram samstarfsvettvangur allra sveitarfélaga á Austurlandi felst í samþykki allra sveitarfélaganna á þessari stefnu. Menningarráð Austurlands verði öflugt stöð við nýsköpun og aukna fjölbreytni í menningarstarfi Austurlands.

Vörður

- Sveitarfélögin á Austurlandi vinni áfram eftir þeim reglum um skipan fulltrúa í sjö manna stjórn Menningarráðs Austurlands sem gildi tóku árið 2001. Ef sveitarfélögum á Austurlandi fækkar verulega og reglur SSA um svæðaskiptingu þeirra breytast er eðlilegt að ræða nýjar aðferðir við tilnefningu stjórnarmanna enda verði áfram tryggt að dreifing þeirra um Austurland verði eðlileg.
- Menningarráð Austurlands vinni að endurskoðun á samþykktum ráðsins t.d. varðandi fjölda fulltrúa á aðalfundum, skipan stjórnar o.s.frv. Endurskoðunin fari fram fyrir aðalfund 2010.
- Menningarráð Austurlands og aðildarsveitarfélög þess vinni sameiginlega að því að bæta upplýsingagjöf og samráð sín á milli í því skyni að gera samstarf í menningarmálum markvissara, sýnilegra og gegnsærra.
- Menningarráð Austurlands og aðildarsveitarfélög þess vinni sameiginlega að því að auka umræðu um þátttöku atvinnulífs í fjármögnun og eflingu menningarstarfs.

2. Samningur við menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti

Samstarfi sveitarfélaga á Austurlandi, menntamálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytis um menningarmál á Austurlandi verði haldið áfram og það eflt með öllum mögulegum ráðum.

Vörður

- Sveitarfélög á Austurlandi og ráðuneyti menntamála og ferðamála, í samstarfi við Menningarráð Austurlands, láti vinna úttækt á gildi menningarsamstarfsins og leggi niðurstöður þess fram til grundvallar nýjum samningi fyrir árslok 2010.

3. Menningarstefnur sveitarfélaga á Austurlandi og fjölgun starfa

Sveitarstjórnir á Austurlandi móti sér menningarstefnu fyrir viðkomandi sveitarfélag. Í stefnu hvers sveitarfélags verði markmið um uppbyggingu og starfsemi til næstu ára sett fram með sérstakri áherslu á fjölgun starfa.

Vörður

- Sveitarfélög á Austurlandi vinni markvisst að því að fjölga störfum í listgreinum og öðru menningarstarfi.
- Sveitarfélög og starfandi listamenn á Austurlandi taki til umfjöllunar hvort hagkvæmt væri að efla kennslu og uppeldisstarf í listgreinum með því t.d. að gera starfandi tónlistarskóla að listaskólum þar sem boðið verði upp á kennslu í fleiri listgreinum en tónlist.
- Sveitarfélög og framhaldsskólar á Austurlandi stefni að því að listgreinakennsla í grunn- og framhaldskólum verði í höndum menntaðra listgreinakennara eða listamanna.



2. Starfsemi Menningarráðs Austurlands

Stefna

Undir forystu Menningarráðs Austurlands verði sótt fram á fjölmörgum sviðum menningarstarfs og stuðlað að aukinni vitund íbúanna, annarra landsmanna og gesta Austurlands um fjölbreytt og gróskumikið mannlíf í landshlutanum.

Markmið

Að starf Menningarráðs Austurlands beinist að því að auka samstarf í menningarmálum á allan hátt, bæta möguleika fólks á að lifa af listsköpun sinni og öðru starfi að menningarmálum, auka nýsköpun í menningarmálum og síðast en ekki síst vinna að öflugri kynningu á austfirskri listsköpun og menningarsamstarfi.

Leiðir:

1. Dagleg starfsemi Menningarráðs Austurlands

Menningarráð Austurlands vinni markvisst að nýsköpun og eflingu menningarmála í fjórðungnum. Menningarráðið verði forystuafli samstarfs og þróunar í málaflokknum.

Vörður

- Menningarráð Austurlands leiði umræðu um nýsköpun og þróun menningarstarfs á Austurlandi.
- Menningarráð Austurlands skoði, samhliða endurnýjun á samningi við ríkið, hvort hagkvæmara sé að fara aðrar leiðir varðandi rekstur og starfsmannahald fyrir ráðið en að endurnýja þjónustusamning við Gunnarsstofnun.
- Menningarráð Austurlands bjóði upp á viðtalstíma menningarfulltrúa eða fundi með aðilum eins og menningarfulltrúum og menningarmálanefndum sveitarfélaga tvisvar á ári í sem flestum byggðarlögum frá og með árinu 2009. Menningarfulltrúar staðanna sjái til þess að menningarfulltrúi Austurlands hafi vinnu- og fundaraðstöðu þá daga sem fulltrúinn hefur viðveru.
- Menningarráð Austurlands auglýsi fasta viðtals- og símatíma menningarfulltrúa á skrifstofu sinni en hvatt verði til þess að erindi séu þess utan send til ráðsins bréflaga eða í tölvupósti.
- Menningarráð Austurlands og menningarmiðstöðvarnar fjórar, með stuðningi SSA, Markaðsstofu Austurlands og fleiri aðila, leiti eftir samningi við Flugfélag Íslands um afslátt af flugfargjöldum fyrir menningarstarfsemi á Austurlandi. Slíkt samkomulag verði einnig nýtt til þess að hvetja listamenn til þess að setjast að í landshlutanum hluta úr ári eða á heilsársgrundvelli.

2. Samstarf Menningarráðs Austurlands við aðrar stoðstofnanir á Austurlandi

Samræma þarf kynningu á menningarstarfi á Austurlandi og stórefla hana innan fjórðungs og utan í samstarfi við Markaðsstofu Austurlands og aðra hagsmunaaðila. Þá er mikilvægt að efla enn frekar samstarf við Þekkingarnet Austurlands, Þróunarfélag Austurlands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands til eflingar nýsköpunar á sviði menningar. Einnig að vinna að því að fjölga tækifærum við fjármögnun menningarverkefna, meðal annars úr erlendum sjóðum.

Vörður

- Menningarráð Austurlands beiti sér fyrir formlegum viðræðum um aukið samstarf ráðsins við Markaðsstofu Austurlands með aukna kynningu á menningarstarfi í huga svo og eflingu atvinnugreinanna ferðaþjónustu og menningar. Ósk um viðræður verði send eigi síðar en 1. júní 2009 og fari fram með þátttöku annarra stoðstofnana eftir atvikum.

- Menningarráð Austurlands leiti samstarfs við aðrar stoðstofnanir um að byggja sameiginlega upp þekkingu á kynningarmálum og erlendum sjóðum; Evrópusjóðum og norrænum sjóðum. Miðað verði að því að 2-4 menningarverkefni á Austurlandi hafi hlotið slíka styrki á árinu 2010.

3. Styrkveitingar Menningarráðs Austurlands

Þótt núverandi styrkveitingar Menningarráðs Austurlands séu mjög hvetjandi fyrir hvers konar verkefni er ástæða til þess að endurskoða úthlutunarreglur ráðsins með það að markmiði að þær stuðli að enn fleiri atvinnutækifærum í listum og menningarstarfi. Horfa þarf sérstaklega til skapandi starfs um leið og bent er á að ný tækifæri felast einnig í því menningarstarfi á Austurlandi sem fyrir er. Vinna þarf jafnt og þétt að því að auka fé það sem Menningarráð Austurlands hefur til styrkja.

Vörður

- Menningarráð Austurlands hvetji til verkefna á sviði lista og menningar sem skapi starfsgrundvöll fyrir fleiri einstaklinga. Leitast verði við að koma á samstarfi við grunn- og framhaldsskóla Austurlands um slík verkefni og efla með því listgreinakennslu.
- Menningarráð Austurlands leiti, þegar það á við, faglegrar umsagnar um styrkumsóknir.
- Menningarráð Austurlands komi á fót hollvinnaráði menningarstarfs á Austurlandi til þess að vinna sérstaklega að samstarfi við atvinnulífið og fjáröflun til menningarráðsins.
- Menningarráð Austurlands ræði einstaka þætti í úthlutunarreglum sínum fyrir auglýsingu ár hvert.
- Menningarráð Austurlands ræði á árinu 2009 hvort breyta eigi aðkomu menningarmiðstöðvanna að styrkveitingum á þann hátt að miðstöðvarnar fái sérstaka rammastyrki til fyrirfram ákveðinna verkefna en sæki að öðru leyti ekki um styrki til Menningarráðsins.

4. Aukið samstarf

Vinna þarf markvisst að því að auka samstarf í menningarmálum á Austurlandi með öllum tiltækum ráðum.

Vörður

- Menningarráð Austurlands hvetji til samstarfs safna og setra á Austurlandi á árinu 2009 í þeim tilgangi að auka kynningu safnanna og vinna að öðrum framfaramálum þeirra.
- Menningarráð Austurlands og menningarmiðstöðvarnar vinni að því að koma á fót fleiri verkefnum sem ná til alls Austurlands.
- Menningarráð Austurlands og fleiri stoðstofnanir á Austurlandi efni árlega eða á tveggja ára fresti til kynnisferðar fyrir starfsfólk í menningargeiranum um ákveðna hluta Austurlands í því skyni að gefa fólki kost á að kynnast starfsemi sem víðast í fjórðungnum og auka samskipti og kynni þessa fólks. Menningarstofnunum á viðkomandi svæði verði falin framkvæmdin. Hugsanlega mætti tengja slíka kynnisferð öðrum föstum viðburðum svo sem aðalfundi Menningarráðs, ráðstefnum eða samráðsfundum.
- Menningarráð Austurlands skipi samstarfshóp um það hvernig á að yfirstíga ósýnilegar hindranir í menningarsamstarfi á Austurlandi. Hópurinn leggi fram niðurstöður sínar og tillögur um að efla „andlegar samgöngur“ innan fjórðungsins fyrir árslok 2009.
- Menningarráð Austurlands, ásamt menningarmiðstöðvunum og menningarfulltrúum sveitarfélaganna, haldi uppskeruhátíð menningarstarfs vorið 2010 og árlega eftir það. Hátíðin flytjist árlega milli staða. Sett verði upp dagskrá með broti af því fjölbreytta menningarstarfi sem verið hefur í gangi um veturinn og hápunktur hátíðarinnar verði afhenting *Hrislunnar*, verðlaunagrips fyrir framúrskarandi starf í einstökum greinum menningarstarfs á

Austurlandi.* Við sama tækifæri væri við hæfi að tilnefna menningarverkefni ársins á Austurlandi.

- Menningarráð Austurlands og menningarmiðstöðvarnar beiti sér áfram fyrir samstarfi við aðrar menningarstofnanir svo sem menningarráð landshlutanna, Listahátíð í Reykjavík og þjóðmenningarstofnanir. Einnig verði samstarf við erlenda aðila treyst eftir því sem efni og aðstæður leyfa. Sérstök markmið fyrir þróun samstarfs út á við verði kynnt á aðalfundi Menningarráðs Austurlands árið 2010.



* *Hríslan og lækurinn* er eitt af þekktari brotum úr menningararfi Austurlands. Lag Inga T. Lárussonar við ljóð Páls Ólafssonar. *Hríslan* er sett fram sem dæmi um að auðvelt er að tengja heiti verðlaunanna Austurlandi á einhvern hátt. Fyrsta erindi ljóðsins er svohljóðandi:

*Gott átt þú, hrísla, á grænum bala,
glöðum að hlíða lækjarnið.
Þið megið saman aldur ala,
unnast og sjást og talast við.
Það slítur aldrei ykkar fundi,
indæl þig svæfa ljóðin hans.
Vekja þig æ af blíðum blundi
brennandi kossar unnustans.*

3. Menningarmiðstöðvar á Austurlandi

Stefna

Menningarmiðstöðvarnar þrjár; Skaftfell – miðstöð myndlistar á Austurlandi, Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs og Kirkju- og menningarmiðstöðin Fjarðabyggð vaxi enn og dafni og skapi hver fyrir sig og sameiginlega kjölfestu í menningarstarfi í fjórðungnum.

Markmið

Að menningarmiðstöðvarnar eflist að umfangi og starfsmönnum þeirra fjölgi. Miðstöðvarnar njóti vaxandi stuðnings heimasveitarfélaganna en styrkist einnig sem menningarstofnanir á fjórðungsvísu og byggi upp tengslanet um allt Austurland. Samstarf menningarmiðstöðvanna aukist jafnt og þétt.

Leiðir:

1. Efling á rekstri og starfsemi menningarmiðstöðva

Með þríhliða samkomulagi Menningarráðs Austurlands, viðkomandi menningarmiðstöðvar og heimasveitarfélags hennar þarf að tryggja ásættanlegan rekstrargrundvöll miðstöðvarinnar miðað við þau verkefni sem henni eru falin. Efla þarf sérstöðu miðstöðvanna en einnig að flétta þær inn í almennt menningarstarf og fela þeim aukin verkefni. Menningarmiðstöðvarnar eiga að efla faglegt starf, hver á sínu sviði. Þær eiga einnig að vinna með grasrótinni í viðkomandi listgrein á fjórðungsvísu. Menningarmiðstöðvarnar eiga að leitast við að hafa yfirsýn um verkefni á sínu sérsviði í fjórðungnum og geta boðið faglega ráðgjöf og jafnvel þjónustu.

Vörður

- Menningarráð Austurlands sjái áfram til þess að gerðir séu þríhliða samningar um rekstur og starfsemi allra menningarmiðstöðvanna með sýnilegri aðkomu heimasveitarfélaga þeirra.
- Menningarráð Austurlands sjái til þess að í samningum um menningarmiðstöðvarnar verði sérsvið þeirra skilgreint nánar og hlutverk þeirra gagnvart öllu Austurlandi á viðkomandi sérsviði.
- Sveitarfélögin sem standa að menningarmiðstöðvunum treysti rekstrargrundvöll miðstöðvanna eftir mætti, meðal annars með því að fela þeim aukin verkefni varðandi almennt menningarstarf á stöðunum. Umræða um uppbyggingu listaskóla sveitarfélaganna fari einnig fram með þátttöku menningarmiðstöðvanna.
- Menningarmiðstöðvarnar hlúi að faghópum, félögum, einstaklingum og grasrótastarfi á sínu sviði og hafi formgert slíkt starf á fjórðungsvísu fyrir árslok 2009.
- Menningarmiðstöðvarnar og sveitarfélögin sem að þeim standa vinni að því að gestavinnustofur og gestaíbúðir verði starfræktar í tengslum við allar miðstöðvarnar í framtíðinni. Ákvörðun um slíkt liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2010.
- Menningarráð Austurlands vinni að því með sveitarfélögum og öðrum aðilum að fjölga stöðugildum við menningarmiðstöðvarnar á Austurlandi um að minnsta kosti þrjú (eitt við hverja miðstöð) fyrir árslok 2012. Tilgangurinn er að efla faglega starfsemi þeirra og forystu, sérstaklega á viðkomandi sérsviði.

2. Kynning á menningarstarfi

Menningarmiðstöðvar á Austurlandi, ásamt Menningarráði Austurlands þurfa að vinna að því að kynna menningarstarf á Austurlandi betur en nú er gert. Menningarmiðstöðvarnar eiga að stefna að því að auka tilfinningu íbúa Austurlands fyrir því að starfsemi miðstöðvanna fjögurra séu greinar sem vaxi af sama stofni.

Vörður

- Menningarráð Austurlands og menningarmiðstöðvarnar geri tilraun með útgáfu á reglulegu fréttabréfi þar sem starfsemi þessara aðila er kynnt svo og dagskráin framundan. Hæfilegt er að byrja á ársfjórðungslegri útgáfu með dreifingu inn á hvert heimili á Austurlandi frá og með miðju ári 2009. Að ári verði árangur verkefnisins metinn. Samstarf við aðra prent- eða fjölmiðla er vert að skoða í þessu sambandi.
- Menningarráð Austurlands og menningarmiðstöðvarnar láti kanna, samhliða tilraun með útgáfu fréttabréfs, aðra kosti í útgáfu og dreifingu á slíku efni. Rafræn fréttabréf, gagnvirkir fréttavefir og fleiri lausnir kunna að vera ódýrari og því þarf að meta kosti og galla þeirra samhliða tilrauninni. Samstarf verði haft við aðrar stoðstofnanir atvinnulífsins um útgáfuna.

3. Samstarf menningarmiðstöðva

Samstarf menningarmiðstöðvanna verði aukið til muna frá því sem nú er. Miðstöðvarnar komi sér upp tengiliðum á hverjum stað á Austurlandi sem nýtist við kynningu á starfsemi miðstöðvanna og hugmyndavinnu um samstarf þeirra við viðkomandi byggðarlög.

Vörður

- Menningarmiðstöðvarnar auki samstarf sitt með markvissum hætti, enda ýti það undir frekara samstarf annarra aðila og verkefna. Sameiginleg yfirlýsing miðstöðvanna liggja fyrir á miðju ári 2010 með áætlun um framkvæmd samstarfsins.
- Menningarmiðstöðvarnar miði að því að efla sameiginlega ímynd þeirra undir heitinu *Menningarmiðstöðvar Austurlands*.
- Menningarráð Austurlands komi á reglulegum fundum forstöðumanna menningarmiðstöðvanna frá og með árinu 2009. Þeir fundi ekki sjaldnar en ársfjórðungslega og leggi þá meðal annars fram starfsáætlanir sínar og hugmyndir um samstarfsverkefni. Menningarfulltrúi Austurlands boði og sitji fundina og tryggi þannig nausynleg tengsl menningarráðsins og menningarmiðstöðvanna.
- Menningarmiðstöðvarnar byggi upp tengslanet sem nái til allra sveitarfélaga á Austurlandi. Æskilegt er að sami aðili (t.d. menningarfulltrúi viðkomandi sveitarfélags) verði tengiliður allra menningarmiðstöðvanna í viðkomandi sveitarfélagi. Haldnir verði árlegir fundir með tengiliðum, forstöðumönnum menningarmiðstöðva, menningarfulltrúa Austurlands og starfsmanns Markaðsstofu Austurlands í því skyni að auka upplýsingagjöf um starfsemi menningarmiðstöðvanna.



4. Menningararfur Austurlands; saga, minjar, listir

Stefna

Rannsóknir á menningararfi Austurlands verði efldar svo og varðveisla og kynning. Saga Austurlands, búsetu- og atvinnuminjar og listsköpun í nútíð og fortíð verði meðal þess sem haldið verði á lofti í kynningu og atvinnusköpun.

Markmið

Að saga, minjar, hefðir og aðrir þættir menningararfs Austurlands og fjölmenningsamfélagsins verði aðgengilegir og sýnilegir. Útgáfa, kynning og miðlun þessa arfs verði aukin og bætt og tryggt að öllum þáttum menningararfsins verði gerð góð skil. Stuðlað verði að aukinni listsköpun á grunni menningararfs í nútíð og fortíð.

Leiðir:

1. Söfnin

Söfn fjórðungsins, mörg og fjölbreytt, verði kynnt með sameiginlegum hætti til þess að auka aðsókn á þau og bæta aðgengi nemenda og almennra gesta að menningararfinum sem þau varðveita og miðla. Unnið verði að framþróun og nýjungum í safnastarfi til þess að efla faglegt innra starf þeirra.

Vörður

- Menningarráð Austurlands hvetji söfn á Austurlandi (bókasöfn, skjalasöfn, minjasöfn, náttúruminjasöfn, listasöfn, setur, sýningar, gestastofur og garða) til sameiginlegs átaks í kynningu á starfsemi sinni strax á árinu 2009.
- Söfn og setur á Austurlandi komi sameiginlega með tillögur um aukið samstarf við skólustarf á Austurlandi og þátttöku safnanna í uppfræðslu.
- Menningarráð Austurlands hvetji söfnin og aðra aðila sem tengjast safnastarfi til þess að vinna að eflingu faglegs safnastarfs í fjórðungnum.
- Söfn og setur í fjórðungnum sinni sérstaklega fjölmörgum tækifærum í matarmenningu og handverki og nýti þau til uppbyggingar á enn fjölbreyttara safna- og veitingastarfi.

2. Listsköpun og menningarleg fjölbreytni

Menningarlegur arfur Austfirðinga á öllum sviðum listsköpunar á fullt erindi við íbúa og gesti fjórðungsins, ekki síst fjölbreytileiki mannlífsins. Stofnanir, einstaklingar og félög helga sig nú þegar einstökum þáttum þessa arfs en betur þarf að standa að kynningu hans.

Vörður

- Menningarráð Austurlands feli ákveðnum aðila að fara af stað með átak tengt bókmenntum á Austurlandi í fortíð og nútíð. Til samstarfs verði kallaðar stofnanir, félög, framhaldsskólar og háskólasamfélag svæðisins auk starfandi rithöfunda og skálda á Austurlandi og víðar. Átak af þessum toga, sem hafi að markmiði að auka virðingu og kynningu á austfirskum bókmenntum, verði komið í fastmótaðan farveg fyrir árslok 2010.
- Skafffell, miðstöð myndlistar á Austurlandi, fari af stað með átak tengt myndlist á Austurlandi í fortíð og nútíð. Til samstarfs verði kallaðar stofnanir, félög, framhaldsskólar og háskólasamfélag svæðisins auk starfandi myndlistarfólks á Austurlandi og víðar. Átak af þessum toga, sem hafi að markmiði að auka virðingu og kynningu á austfirskri myndlist, verði komið í fastmótaðan farveg fyrir árslok 2010.
- Kirkju- og menningarmiðstöðin í Fjarðabyggð fari af stað með átak tengt tónlist á Austurlandi í fortíð og nútíð. Til samstarfs verði kallaðar stofnanir, félög, tónskólar, framhaldsskólar og

háskólasamfélag svæðisins auk starfandi tónlistarmanna og tónskálda á Austurlandi og víðar. Átak af þessum toga, sem hafi að markmiði að auka virðingu og kynningu á austfirskri tónlist, verði komið í fastmótaðan farveg fyrir árslok 2010.

- Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs fari af stað með átak tengt sviðslistum á Austurlandi í fortíð og nútíð. Kvikmyndgerð verði einig tengd þessari umræðu. Til samstarfs verði kallaðar stofnanir, félag, framhaldsskólar og háskólasamfélag svæðisins auk starfandi sviðslista- og kvikmyndagerðarfólks á Austurlandi og víðar. Átak af þessum toga, sem hafi að markmiði að auka virðingu og kynningu á austfirskum sviðslistum og kvikmyndagerð, verði komið í fastmótaðan farveg fyrir árslok 2010.

3. Saga, minjar og hefðir

Hlúa þarf að sögu Austurlands og einstakra svæða. Miðlun sögunnar er mikilvægt í uppeldi, kynningu og atvinnusköpun.

Vörður

- Menningarráð Austurlands vinni með söfnum í fjórðungnum að eflingu þeirra. Fagleg söfn hafa lykilhlutverki að gegna við söfnun heimilda um sögu svæðisins og rannsóknir á henni. Setur og sýningar eru einnig þátttakendur í miðlun sögunnar til íbúa og gesta. Samstarf allra safna er mikilvægt og þarf að formgera sem fyrst, helst með ákveðna verkaskiptingu að leiðarljósi. Stefnt verði að því að fyrstu niðurstöður slíkrar vinnu líti dagsins ljós á árinu 2009.

4. Rannsóknir

Standa þarf faglega að rannsóknum og verndun sögu og minja og tryggja að hefðir úr mannlífi tapist ekki.

Vörður

- Söfn og aðrir varðveislu og rannsóknaraðilar stuðli að eflingu rannsókna öllum sviðum menningar og sögu. Sérstök áhersla verði lögð á að efla hagnýtar rannsóknir sem stutt geti við frekari atvinnusköpun.
- Menningarráð Austurlands, í samráði við helstu söfn í fjórðungnum, háskóla- og þekkingarsamfélagið og fleiri, stuðli að því að rannsóknir á menningararfi svæðisins verði kynntar og ræddar á sameiginlegum og reglulegum vettvangi, fyrst eigi síðar en haustið 2010.
- Sveitarfélög á Austurlandi ljúki fornleifaskráningu sem fyrst og styðji við fornleifarannsóknir eftir því sem tæk eru á.

5. Samstarf

Samkvæmt lögum eiga þjóðmenningarstofnanir eins og Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands að vera í forystu í safnamálum hvert í sinni grein. Á sama hátt hafa Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveitin, Íslenski dansflokkurinn, Listahátíð í Reykjavík og fjölmargar aðrar lista- og fræðslustofnanir ríkisins hlutverki að gegna í menningarlífi alls landsins. Því er eðlilegt að leita samstarfs við þær um fjölmörg málefni safna og lista og framfarir á þeim sviðum.

Vörður

- Menningarmiðstöðvar, menningarfulltrúar sveitarfélaga og aðrir aðilar í menningarstarfi á Austurlandi beiti sér fyrir auknu samstarfi við þjóðmenningarstofnanir landsins um ýmis menningarverkefni á Austurlandi sem snerta verksvið þeirra.

5. Verkefni, tækifæri, uppbygging

Stefna

Unnið verði að því að fjölga menningartengdum verkefnum og störfum við menningu og listir á Austurlandi. Uppbygging á aðstöðu til menningarstarfsemi eigi sér stað um allt Austurland. Nýting á núverandi aðstöðu verði enn betri og markvissari.

Markmið

Að launuðum störfum í listum og menningu fjölgi markvisst á Austurlandi í því augnamiði að styrkja allt menningarstarf í fjórðungnum. Aðstaða til menningarstarfsemi verði eins og best verður á kosið í menningarmiðstöðvum, félagsheimilum og öðrum byggingum sveitarfélaga og annarra aðila um allt Austurland.

Leiðir:

1. Fleiri listamenn, fleiri störf

Ekki þarf að fjölgráa um mikilvægi þess fyrir eflingu og viðgang menningarstarfs að fleiri launuð störf skapist við menningu og listir. Mikilvægi grasrótastarfs er ekki vanmetið með því að segja að fleiri launuð störf fyrir menntað og reynslumikið fólk séu líklegri en nokkur önnur aðgerð til þess að efla menningarstarf í fjórðungnum. Þvert á móti er auðvelt að fullgráa að grasrótastarf nyti einmitt góðs af slíkum starfsmönnum.

Vörður

- Menningarmiðstöðvarnar eða starfshópur á vegum þeirra vinni tillögur um hvernig sé hægt að koma á fót fleiri launuðum störfum í sem flestum listgreinum. Áætlunin liggja fyrir 1. júní 2010 og taki til næstu fjögurra ára.
- Menningarráð Austurlands beiti sér fyrir viðræðum við helstu samtök listamanna í landinu, menntamálaráðuneyti og stjórnir starfslauna listamanna um það hvernig hægt sé að fjölga umsóknum frá Austurlandi um starfslaun listamanna og fleiri þætti. Ráðið hvetji einnig listamenn á Austurlandi til þess að sækja um starfslaun.

2. Mikilvægi grasrótastarfs

Starf félaga, hópa og einstaklinga í ólíkum greinum menningar er ómetanlegt hverju byggðarlagi. Kórar, leikfélög og aðrir aðilar vinna óeigingjarnt starf sem er grundvöllur að margvíslegum viðburðum og samkomum auk þess að skapa ómetanlega samfélagsvitund.

Vörður

- Sveitarstjórnir á Austurlandi, menningarmiðstöðvar og fyrirtæki hlúi að og styðji við fjölbreytt grasrótastarf í félags- og menningarmálum.
- Sveitarstjórnir á Austurlandi geri samninga við leikfélög, kóra, myndlistarfélög og aðra fasta hópa sem vinna að menningarmálum og listsköpun um árlegan stuðning.
- Menningarráð Austurlands, í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands, Handverk og hönnun, félög handverksfólks á Austurlandi og starfandi listafólk í fjórðungnum, vinni áætlun um hvernig megi efla og auka gæði handverks og listiðnaðar á Austurlandi.
- Menningarráð Austurlands hvetji til stuðnings við útgáfustarf hverskonar svo sem tímarita og bókaútgáfu.

3. Menningarferðaþjónusta

Á undanförunum árum hefur afþreying á sviði menningar, náttúru og sögu aukist mikið sem sést vel á fjölgun safna, setra og sýninga um allt land. Fjöldmörg slík tækifæri eru enn vannýtt á Austurlandi og enn er áhuga ferðafólks á sögu og menningu varla mætt nema að hluta.

Vörður

- Menningarráð Austurlands og Markaðsstofa Austurlands leiði vinnu við frekari vöxt menningarferðaþjónustu á Austurlandi og leiti fjárhagslegs og faglegs stuðnings opinberra aðila og fyrirtækja við slíkt átak.
- Menningarráð Austurlands, í samstarfi við Markaðsstofu Austurlands og fleiri aðila haldi ráðstefnu á Austurlandi um eflingu og uppbyggingu faglegrar menningarferðaþjónustu á haustdögum 2009. Markmið ráðstefnunnar verði að nýta og kynna betur þau verðmæti sem felast í austfirskri menningu og listsköpun.
- Menningarráð Austurlands og Markaðsstofa Austurlands hvetji aðila í menningar- og afþreyingarstarfsemi og ferðaþjónustu til þess að bjóða þjónustu sína í auknu mæli sameiginlega og setja t.d. saman „pakka“ með gistingu, mat og skemmtun sem hvetji Austfirðinga og utanaðkomandi gesti til þess að sækja skemmtun og viðburði á Austurlandi.

4. Nýsköpun

Hætt er við stöðnun innan menningarstarfs og einstakra þátta þess, svo sem í rekstri safna, ef nýsköpun er ekki sífellt grunntónn starfseminnar. Því er æskilegt að vinna stöðugt að frjórri hugsun og nýsköpun í menningarstarfi og er vert að benda á að slík sköpun á sér ekki síður stað í grasrótarstarfi en hjá stofnunum og fyrirtækjum.

Vörður

- Menningarráð Austurlands, menningarmiðstöðvarnar og menningarfulltrúar sveitarfélaganna vinni markvisst að því, í samstarfi við þróunaraðila, að efla frjóa hugsun í menningarstarfi og hvetji það fólk sem helgar sig menningarmálum í áhugamennsku eða launuðum störfum að sækja í sífellu fram með ný verkefni. Staðið verði árlega fyrir fundum eða námskeiðum um nýsköpun og ný verkefni í menningu og listum í sem flestum byggðarlögum Austurlands eða á sambærilegum vettvangi, fyrst eigi síðar en árið 2010.
- Menningarráð Austurlands vinni, í samstarfi við skóla á Austurlandi, að eflingu frumkvöðlafræðslu og skapandi hugsunar meðal ungs fólks, ekki síst á sviði lista.
- Menningarráð Austurlands óski eftir samstarfi við forystu Vatnajökulspjóðgarðs um tengingu menningarstarfs við uppbyggingu og starfsemi þjóðgarðsins. Stefnt verði að viljayfirlýsingu þessara aðila um samstarf fyrir árslok 2009.

5. Aðstaða og samstarf

Salarkynni menningarmiðstöðvanna og annað húsnæði þeirra bjóði upp á bestu fánlegu aðstöðu til menningarstarfs á Austurlandi og dragi til sín tónleika, sýningar og aðra viðburði heimamanna eða lengra að komna. Á sama hátt verði markvisst haft að leiðarljósi að í hverju byggðarlagi haldist við og batni sú aðstaða sem fyrir er í félagsheimilum, kirkjum, skólum og víðar svo hinar ytri aðstæður standi ekki menningarstarfi fyrir þrifum. Leitast verði við að kynna sérstaklega hina fjölbreyttu aðstöðu sem til staðar er í fjórðungnum til menningar- og listviðburða af öllum stærðum og gerðum.

Vörður

- Sveitarfélög á Austurlandi og aðrir aðilar í menningarstarfi gæti reglulega að því að nægilega góð aðstaða sé til menningarstarfs í viðkomandi byggðarlagi.
- Menningarmiðstöðvar Austurlands láti vinna sérstaka úttekt og yfirlit um þá aðstöðu sem til staðar er í landshlutanum til menningarstarfs þar sem fram komi m.a. til hvers konar viðburða hvert hús hentar. Yfirlitið verði til reiðu á heimasíðu Menningarráðsins eigi síðar en

- á árinu 2010 og verði einnig kynnt sérstaklega fyrir þjóðmenningarstofnunum, umboðsskrifstofum, samtökum listamanna og fleiri aðilum.
- Menningarmiðstöðvar Austurlands bjóði sameiginlega upp á fyrirmyndar aðstöðu til menningarstarfs og höfði til ólíkra aðila innan héraðs og utan að nýta sér aðstöðuna. Til skoðunar komi hjá miðstöðvunum að gefa út sérstakt kynningarrit um þá aðstöðu sem í boði er hjá þeim og öðrum.



6. Miðlun, kynning, fræðsla

Stefna

Kynning á menningarstarfi á Austurlandi og miðlun á upplýsingum um menningararf og sögu aukist til muna. Samstarfi verði komið á milli menningargeirans og skólanna á Austurlandi um miðlun og fræðslu á sögu og menningararfi svæðisins í heild og einstakra hluta þess.

Markmið

Að auka þekkingu íbúa Austurlands og gesta þess á því framboði menningarstarfs sem í boði er og kynna um leið þau miklu verðmæti sem felast í menningarstarfi í fortíð og nútíð.

Leiðir:

1. Kynningarstarf

Vinna þarf að fjölbreyttri kynningu og ímyndarsköpun fyrir Austurland með menningarstarf og menningartengda ferðaþjónustu sem grunntón í því starfi. Minna má á sögu sjávarplássanna og landbúnaðarhéraðanna, fjölbreytt menningar- og afþreyingarstarf í dag og þá sköpunargleði sem einkennir austfirskt mannlíf í tíma og rúmi. Í þessu skyni þarf að treysta fjölmiðlun á Austurlandi og bæta vitund íbúanna um hið gróskumikla starf sem fer fram í umhverfi þeirra.

Vörður

- Menningarráð Austurlands vinni markvisst að því að nýta netið betur í öllu kynningarstarfi og menningarmiðlun. Heimasíða Menningarráðs Austurlands, www.meningarrad.is verði nýtt sem miðja þess kynningarstarfs, með tengingum í allar áttir.
- Menningarráð Austurlands komi að vinnu við heildarstefnumörkun um kynningu Austurlands með það að markmiði að markaðssetja og kynna landshlutann í heild. Upplýsingarit sem leiði gesti markvisst um allt Austurland verði gefið út eigi síðar en 2010 og nýttist sem handbók þeirra sem leið eiga um fjórðunginn.
- Menningarráð Austurlands vinni markvisst að því að faglegt, fjölbreytt og vandað menningarstarf verði stór hluti af nýrri ímyndarsköpun fyrir Austurland. Menningarráð Austurlands setji sér markmið þar að lútandi og stefni að útgáfu leiðbeinandi gæðaviðmiða til þess að tryggja gæði menningarþjónustu.
- Menningarráð Austurlands og Markaðsstofa Austurlands, í samstarfi við SSA, Þróunarstofu Austurlands og fleiri hagsmunaaðila, beiti sér fyrir umræðu strax á árinu 2009 um það hvernig megi treysta rekstur fjölmiðla á Austurlandi og bæta aðgengi að þeim fjölmiðlum sem starfandi eru í landinu í því skyni að auka umfjöllun um fjórðunginn.

2. Þarf að vekja unga fólkið?

Áhyggjuefni er að þátttaka ungs fólks er lítil í almennu félags- og menningarstarfi. Það gæti leitt til minnkandi ábyrgðartilfinningar heilla kynslóða gagnvart umhverfi og samfélagi. Því er mikilvægt að vekja ungt fólk með öllum ráðum til umhugsunar um samfélag sitt og mótun þess. Sérstaklega þarf að ná til aldurshópsins 16-25 ára.

Vörður

- Menningarmiðstöðvarnar setji sér markmið um að ná sérstaklega til ungs fólks og byggja upp, í samvinnu við það, félags- og menningarstarf og umræðu um samfélagslega þátttöku. Slík markmið liggja fyrir á haustdögum 2009 og verði tekin til umræðu í framhaldsskólum og víðar í framhaldi af því.

- Menningarmiðstöðvarnar, menningarfulltrúar sveitarfélaganna, félagsmiðstöðvar ungs fólks og framhaldsskólarnir beiti sér fyrir því á árinu 2009 að ungt fólk á Austurlandi komi sér sameiginlega upp vettvangi fyrir umræðu um framtíð Austurlands og sérstaklega hvernig megi skapa fleiri tækifæri til atvinnu- og listsköpunar meðal ungs fólks.
- Ofangreindir aðilar hugi sérstaklega að því hvernig megi hlúa að þáttum í menningarstarfi sem höfða til ungs fólks í einstökum byggðarlögum. Þar komi einnig til skoðunar þættir eins og böll, bíó og önnur afþreying.

3. Samstarf við skólana – uppbygging grenndarvitundar

Menningarráð Austurlands beiti sér fyrir skipulagðri umræðu með skólum í fjórðungnum um það hvernig megi auka vitund ungs fólks um umhverfi sitt, sögu, listsköpun og mannlíf. Fjöldmörg tækifæri liggja í auknu samstarfi við skólana, tækifæri sem koma menningarstarfi og skólastarfi til góða, auk þess sem slíkt samstarf eykur oft á tíðum ánægju ungs fólks og skapar fleiri starfstækifæri fyrir menntaða listamenn.

Vörður

- Menningarráð Austurlands óski eftir, meðal annars með vísan til grunnskólalaga, viðræðum við skólana á Austurlandi á vordögum 2009 með það að markmiði að ræða nánara samstarf skólanna og lista- og menningarlífs í fjórðungnum báðum til hagsbóta. Meðal atriða sem vert væri að ræða á slíkum samráðsvettvangi eru:
 - Grenndarnám – Grenndarvitund. Þátttaka safna, menningarmiðstöðva og listamanna í fræðslu ungdómsins um nánasta umhverfi sitt.
 - *Tónlist fyrir alla* með tónlistarfólki af Austurlandi. Verkefni sem gert er út frá Reykjavík í dag verði í framtíðinni mannað með austfirsku tónlistarfólki?
 - Söfnin verði ríkari þáttur í skólastarfi og taki jafnvel að sér ákveðna þætti í samfélagsfræðslu.
 - Geta menningarmiðstöðvarnar tekið að sér listgreinakennslu fyrir skólana? Jafnvel skipulagt listnám á framhaldsskólastigi?
 - Er hægt að nýta samstarf menningar og skóla til þess að brúa aftur bil milli kynslóða?
 - Hvernig er hægt að stuðla að gagnkvæmum tengslum og heimsóknum milli skóla og menningarstarfs með það að markmiði að auka víðsýni og reynslu barna af sköpun og upplifun?
 - Geta skólar og söfn sameinast um ráðningu safnkennara eða stuðlað að faglegri og metnaðarfullri safnfræðslu á annan hátt?



Skipurit menningarsamstarfs á Austurlandi

Á myndinni hér að neðan er gerð tilraun til þess að setja skipurit samstarfs í menningarmálum á Austurlandi fram með myndrænum hætti.

